



## Bráðabirgðaniðurstöður úr ársreikningum sveitarfélaga 2009

### 1. Inngangur

Bráðabirgðaniðurstöður úr ársreikningum sveitarfélaga fyrir árið 2009 liggja nú fyrir. Almennt var gengið heldur fyrir frá ársreikningum sveitarfélaga í ár en undanfarin ár og má ætla að það hafi verið vegna sveitarstjórnarkosninga sem fóru fram í lok maí. Aukin áhersla hefur verið lögð á það af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga að birta bráðabirgðaniðurstöður úr ársreikningum eins fljótt og fært er. Því eru birtar hér bráðabirgðaniðurstöður um afkomu sveitarfélaga á árinu 2009 enda þótt ekki hafi borist niðurstöður frá öllum sveitarfélögum á landinu. Engu að síður er niðurstaðan mjög marktæk þar sem hún byggir á niðurstöðum frá sveitarfélögum þar sem búa tæp 98% íbúanna. Því verður einungis um smávægilegar breytingar á heildarniðurstöðum að ræða þegar ársreikningar frá öllum sveitarfélögum landsins liggja fyrir.

Sveitarfélögunum er sem áður skipt upp í fjóra flokka til frekari glöggvunar á afkomu einstakra flokka. Þeir eru sem hér segir:

1. Reykjavíkurborg
2. Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur
3. Vaxtarsvæði
4. Önnur sveitarfélög



Þar sem niðurstöður frá öllum sveitarfélögum innan hvers einstaks flokks liggja ekki fyrir þá eru niðurstöður flokksins blásnar hlutfallslega upp. Þannig minnkar möguleg skekkja þegar niðurstöður eru færðar upp fyrir heildina.

Haft hefur verið á orði að heitið „Vaxtarsvæði“ eigi ekki lengur við vegna breyttra aðstæðna. Það má til sanns vegar færa en engu að síður er sá kostur valinn enn um sinn a.m.k. að halda fyrrgreindri skiptingu og að hafa skipan flokka sveitarfélaga og nafna þeirra óbreytta til að samanburður á niðurstöðum milli einstakra ára geti haldið áfram.

Hér á eftir eru birtar niðurstöður úr A-hluta ársreikninga sveitarfélaga á árinu 2009. Einnig eru niðurstöður fyrir árið 2008 birtar til samanburðar. Undir A-hluta í starfsemi sveitarfélaga falla verkefni sem að mestu eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum. Þar má nefna verkefni eins og fræðslumál, félagsþjónustu, umhverfismál, æskulýðs- og íþróttastarfsemi og skipulagsmál.

### Bls. 3



Sem hlutfall af tekjum er framlegðin hæst hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur en lægst á vaxtarsvæðum.

### Bls. 4



Að hluta til er erfitt að bera saman niðurstöður efnahagsreikning sveitarfélaga milli áráanna 2008 og 2009.

### Bls. 5



Rekstur sveitarfélaganna skilar að jafnaði mun minni fjármunum til að dreifa á árinu 2009 heldur en á árinu 2008.

Tafla 1: Skil ársreikninga

	Reykjavík	Höfuðsv. án Reykjavíkur	Vaxtarsvæði	Önnur sveitarfélög	Samtals
Íbúafjöldi	118.427	82.425	71.726	45.015	317.593
Skilahlutfall ársreikninga m.t.t. íbúafjölda	100,0%	100,0%	99,2%	84,8%	97,7%

Skil ársreikninga er almennt góð eins og kemur fram í töflu 1. Sveitarfélög þar sem búa tæp 98% íbúanna hafa skilað ársreikningum í byrjun júní. Reikninga vantar einungis frá átta sveitarfélögum þegar þessi samantekt er frágengin. Því munu niðurstöðurnar ekki breytast neinu sem nemur þegar ársreikningar frá öllum sveitarfélögum hafa borist.

## 2. Niðurstöður úr A-hluta í rekstri sveitarfélaga

Í töflu 2 kemur fram yfirlit um niðurstöður úr rekstrarreikningi A-hluta sveitarfélaga fyrir árið 2009. Þar eru bæði settar fram niðurstöður fyrir einstaka flokka og

síðan fyrir heildina. Til samanburðar eru einnig gefnar upp sambærilegar niðurstöður úr rekstri A-hluta fyrir árið 2008. Meðaltal vísitölu neysliverðs hækkaði milli ára 2008 og 2009 um 11,99%. Gefur það til kynna hver verðþróun hefur orðið á tímabilinu. Heildartekjur sveitarfélaganna á árinu 2009 voru 173,2 ma.kr á sama tíma og þær voru 166,9 ma.kr á árinu 2008. Það er hækkun um 3,8% milli ára. Þess ber að geta í þessu sambandi að heimild til hámarksálagningar útsvars var hækkuð úr 13,03% á árinu 2008 í 13,28% á árinu 2009. Meðalútsvarsprósenta hækkaði því úr 12,97% á árinu 2008 í 13,11% á árinu 2009. Einnig má minna á sérstaka heimild til útgreiðslu séreignalífeyrissparnaðar sem kom til framkvæmda á árinu 2009.

Tafla 2. Rekstrarreikningur árið 2009 (m.kr.)

	Reykjavík	Höfuðsv. án Reykjavíkur	Vaxtarsvæði	Önnur sveitarfélög	Samtals 2009	Samtals 2008
Skatttekjur án jöfnunarsjóðs	51.004	36.113	26.822	16.085	130.025	124.495
Framlag jöfnunarsjóðs	735	1.252	5.499	7.209	14.694	16.129
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	8.284	7.072	7.854	5.313	28.523	26.329
<b>Tekjur</b>	<b>60.023</b>	<b>44.437</b>	<b>40.175</b>	<b>28.607</b>	<b>173.242</b>	<b>166.953</b>
Laun og launatengd gjöld	27.743	21.384	20.436	15.132	84.696	81.438
Annar rekstrarkostnaður	25.373	16.836	17.875	11.130	71.213	75.793
<b>Samtals breytilegur kostnaður</b>	<b>53.116</b>	<b>38.220</b>	<b>38.311</b>	<b>26.262</b>	<b>155.909</b>	<b>157.231</b>
<b>Framlegð (tekjur - breytil. kostn.)</b>	<b>6.907</b>	<b>6.217</b>	<b>1.864</b>	<b>2.345</b>	<b>17.333</b>	<b>9.722</b>
Breyting lífeyrisskuldb.	1.530	1.216	995	542	4.283	3.444
Afskriftir	2.311	2.047	1.744	973	7.075	6.232
<b>Samtals gjöld</b>	<b>56.957</b>	<b>41.482</b>	<b>41.051</b>	<b>27.777</b>	<b>167.267</b>	<b>166.907</b>
<b>Niðurstaða án fjárml. og óreglul liða</b>	<b>3.066</b>	<b>2.955</b>	<b>-876</b>	<b>830</b>	<b>5.975</b>	<b>46</b>
<b>Framleðg % af tekjum</b>	<b>11,5%</b>	<b>14,0%</b>	<b>4,6%</b>	<b>8,2%</b>	<b>10,0%</b>	<b>5,8%</b>

Daglegur rekstur A-hluta sveitarsjóða á árinu 2009 kostaði samtals 155,9 ma.kr. Til samanburðar kostaði hann 156,7 ma.kr. á árinu 2008 og er það bein lækkun rekstrarkostnaðar upp á 1,8 ma.kr. Það gefur til kynna að þrátt fyrir almennar verðhækkanir milli árunna 2008 og 2009 þá hafa sveitarfélögin náð umtalsverðum árangri í að ná niður kostnaði við rekstur sveitarfélaganna með því að bregðast fljótt við breyttum aðstæðum. Leitað var leiða til sparnaðar og hagræðingar af ýmsum toga. Heildarlaunagreiðslur hjá A-hlutanum hafa hækkað um rúma þrjá milljarða milli ára en annar rekstrarkostnaður hefur aftur á móti lækkað um 4,5 ma.kr. Framlegð af rekstri (tekjur – breytilegur kostnaður) á árinu 2009 er 17,3

ma.kr. og hefur hún hækkað um 7,6 ma.kr. frá árinu 2008. Það kemur bæði til vegna þess að tekjur hafa hækkað en ástæðan fyrir hækkaðri framlegð liggur fyrst og fremst í verulegum árangri í umbótum í rekstri þrátt fyrir verulegar verðhækkanir á aðföngum. Sem hlutfall af tekjum er framlegðin hæst hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur en lægst á vaxtarsvæðum.

Þegar tillit er tekið til afskrifta og breytinga á lífeyrisskuldbindingum þá breytist þessi mynd nokkuð. Þá er niðurstaðan orðin neikvæð hjá vaxtarsvæðum um 0,9 ma.kr. en í heildina er niðurstaðan um 6,0 ma.kr.

**Tafla 3. Fjármagnsliðir og rekstrarniðurstaða (m.kr.)**

	Reykjavík	Höfuðsv. án Reykjavíkur	Vaxtar-svæði	Önnur sveitarfélög	Samtals 2009	Samtals 2008
Niðurstaða án fjármagnsliða og óreglulegra liða	3.066	2.955	-876	830	5.975	46
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	233	-4.953	-2.409	-722	-7.851	-22.167
Rekstrarniðurstaða fyrir óreglulega liði	3.299	-1.998	-3.285	108	-1.876	-22.121
<b>Óreglulegir liðir</b>	0	-1.204	9.400	-74	8.121	2.871
Rekstrarniðurstaða eftir óreglulega liði	3.299	-3.202	6.115	33	6.246	-19.250
Rekstrarniðurstaða f.ó.l. sem hlutfall af tekjum	5,5%	-4,5%	-8,2%	0,4%	-1,1%	-13,2%

Áhrif fjármagnsliða á rekstur sveitarfélaga og einstakra flokka koma fram í töflu 3. Mikill munur er á fjármagnsliðum hjá einstökum flokkum. Fjármagnsliðir eru jákvæðir hjá Reykjavíkurborg en samanlagt eru þeir neikvæðir hjá öðrum sveitarfélagahópum. Þyngst vegur fjármagnskostnaður hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur eða 4,9 ma.kr. Samanlagt eru þeir neikvæðir um 7,8 ma.kr fyrir landið allt sem er þó mikil framför frá árinu 2008 þegar fjármagnsliðir voru neikvæðir um 22,2 ma.kr. Að teknu tillit til fjármagnsliða þá er afkoma sveitarfélaga neikvæð í heildina tekið um 1,9 ma.kr. samanborið við 22,1 ma.kr á árinu 2008. Það gerir um 1,1% halla þegar rekstrarniðurstaðan er tekin sem hlutfall af tekjum. Til samanburðar má nefna að samband sveitarfélaga í Noregi (KS) vinnur eftir þeirri viðmiðun að afkoma sveitarfélaga af hefðbundnum tekjustofnum þurfi að vera að lágmarki í heildina tekið jákvæð sem nemur 3% af tekjum ef rekstur þeirra eigi að vera í jafnvægi til framtíðar. KS miðar við að endurnýjum fasteigna sé t.d. yfirleitt dýrari en sem nemur reiknuðum afskriftum. Því þurfi að jafnaði að hafa



borð fyrir báru í rekstri sveitarfélaganna vegna þess. Þegar tafla 3 er skoðuð þá kemur í ljós að allir flokkar nema Reykjavíkurborg svo og landið í heild sinni liggja fyrir neðan þessa norsku þumalfingursreglu.

Óreglulegir liðir eru gerðir upp í sérstökum lið. Óreglulegir liðir eru tekjur eða gjöld sem koma einungis fyrir einu sinni eða afar sjaldan og falla því ekki undir hefðbundna starfsemi sveitarfélaga. Sala fasteigna eða eignarhluta í fyrirtækjum er m.a. skilgreint sem óreglulegur liður.

Slíkir hlutir eru yfirleitt seldir einungis einu sinni og falla ekki undir hefðbundna starfsemi sveitarfélaga. Kostnaður vegna náttúruhamfara er einnig óreglulegur kostnaður svo annað dæmi sé nefnt. Það kemur greinilega fram á árinu 2009 hve nauðsynlegt er að hafa sérstakan lið fyrir slíka þætti. Eitt sveitarfélag seldi á árinu eign fyrir verulega fjármuni. Því eru óreglulegir liðir á vaxtarsvæði jákvæðir um 9,4 ma.kr. Óreglulegir liðir eru jákvæðir í heildina tekið um 8,1 ma.kr. Áhrif þeirra valda því t.d. að heildarniðurstaða úr rekstri sveitarfélaga á árinu 2009 að

teknu tilliti til óreglulegra liða er jákvæð um 6,2 ma.kr. en rekstrarniðurstaða af hefðbundnum tekjustofnum er hins vegar neikvæð um 1,9 ma.kr. Ef óreglulegu liðirnir hefðu lent einhversstaðar inni í rekstri sveitarfélaganna sem óskilgreindir tekjuliðir þá hefðu verið hægt að halda því fram að rekstrarafkoma sveitarfélaganna væri heldur góð á árinu. Sveitarfélögin eru aftur á móti rekin með halla í heildina tekið miðað við hefðbundna tekjustofna þegar eignasala er tekin út fyrir og gerð upp í sérstökum lið.

Tafla 4. Efnahagsreikningur (m.kr.)

	Reykjavík	Höfuðsv. án Reykjavíkur	Vaxtarsvæði	Önnur sveitarfélög	Samtals 2009	Samtals 2008
<b>Fastafjármunir</b>	74.960	108.131	91.653	39.193	313.937	253.107
Veltufjármunir	22.634	10.701	21.318	16.171	70.824	82.398
<b>Eignir</b>	97.594	118.832	112.972	55.364	384.762	335.505
Eigið fé	63.771	31.366	40.524	24.132	159.793	141.279
Skuldbindingar	9.131	11.734	9.848	8.696	39.409	39.638
Langtímaskuldir	14.005	57.554	46.712	16.402	134.672	106.306
Skammtímaskuldir	10.687	18.179	15.888	6.134	50.888	48.282
<b>Skuldir án skuldbindinga</b>	24.692	75.733	62.600	22.536	185.560	154.588
<b>Skuldir og skuldbindingar</b>	33.823	87.466	72.448	31.232	224.969	194.226
<b>Skuldir og eigið fé</b>	97.594	99.845	89.037	54.486	384.762	335.505
<b>Veltufjárhlutfall (veltufjárm./skammtímask.)</b>	2,1	0,6	1,3	2,6	1,4	1,7

Að hluta til er erfitt að bera saman niðurstöður efnahagsreikning sveitarfélaga milli árána 2008 og 2009. Nefna má að sum sveitarfélög tóku þann kostinn

að fara strax eftir leiðbeiningum í Áliti 1/2010 og færðu skuldbindingar sem áður voru utan efnahagsreiknings og einungis getið í skýringum inn í skuldahlíð efnahagsreiknings og þá hlutaðeigandi eignir á móti eignamegin. Önnur völdu þann kost að biða með að framkvæma þessa breytingu fram á næstu áramót eins og heimild var fyrir. Einnig völdu sum sveitarfélög þann kost að fara eftir Áliti 2/2010 og eignfæra núvirtar tekjur af lóðaleigu framtíðarinnar á meðan önnur sveitarfélög völdu þann kost að gera það ekki. Þannig eru forsendur bæði að hluta til aðrar við frágang efnahagsreiknings á árinu 2009 en þær voru á árinu 2008 og frágangur hans ekki algerlega sambærilegur milli einstakra sveitarfélaga. Þetta kemur t.d. fram á þann hátt að eignir hafa aukist verulega svo og langtímaskuldir. Veltufjármunir hafa aftur á móti lækkað nokkuð en skammtímaskuldir hafa aftur á móti hækkað um rúma tvo milljarða króna. Skuldbindingar sem enn eru skráðar utan efnahags eru ekki inni í þessari samantekt.



Veltufjórhlutfall (hlutfall milli skammtímaskulda og veltufjármuna) þarf helst að vera hærra en einn (1) til að það sé ásættanlegt. Því meir sem hlutfallið er lægra en einn (1) því meiri líkur eru á að sveitarfélagið eigi í erfiðleikum með að standa við skuldbindingar sínar. Hlutfallið nær þessu marki í öllum flokkum nema í flokknum Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur. Þar er hlutfallið að jafnaði 0,6 sem er óþægilega lágt. Á landsvísi er hlutfallið 1,4 og hefur lækkað úr 1,7 frá fyrra ári. Einnig ber að geta þess að skammtímakröfur á eigin fyrirtæki eru á bilinu 6-8 m.a.kr. Það þýðir að veltufjármunir sveitarfélaga eru líklega ofmetnir sem nemur stærstum hluta þessarar fjárhæðar. B-hluta fyrirtæki sveitarfélaganna

(fyrst og fremst hafnir og félagslegar íbúðir) greiða í raun sjaldnast til baka þá fjármuni sem sveitarsjóðir viðkomandi sveitarfélaga hafa lagt fram gegnum árin til að mæta hallarekstri þeirra. Engu að síður eru þessar greiðslur enn skráðar sem viðskiptakröfur sveitarsjóðs á viðkomandi stofnun og þá sem eign sveitarfélagsins.

Niðurstöður úr sjóðstreymi sveitarfélaganna á árinu 2009 kemur fram í töflu 5. Veltufé frá rekstri lækkar milli ára úr 14,5 ma.kr. í 10,2 ma.kr. Það þýðir að rekstur sveitarfélaganna skilar að jafnaði mun minni fjármunum til að dreifa á árinu 2009 heldur en á árinu 2008 til að standa undir afborgunum af lánum og til nýfjárfestinga.

Tafla 5. Sjóðstreymi (m.kr.)

	Reykjavík	Höfuðsv. án Reykjavíkur	Vaxtar-svæði	Önnur sveitarfélög	Samtals 2009	Samtals 2008
Veltufé frá rekstri	6.622	961	-230	2.800	10.153	14.968
Handbært fé frá rekstri	4.057	-1.100	-156	2.686	5.486	17.381
Veltufé frá rekstri % af tekjum	11,0%	2,2%	-0,6%	9,8%	5,9%	9,0%
Veltufé frá rekstri % af langtímaskuldum	47,3%	1,7%	-0,5%	17,1%	7,5%	14,1%
Fjárfestingahreyfingar	4.843	4.511	5.758	2.633	17.744	41.729
Fjármögnunarhreyfingar	4.685	6.234	1.312	1.560	13.791	18.246
<b>Hækkun/lækkun á handbæru fé</b>	6.464	2.685	-4.677	1.728	6.200	-6.102

Staða mála hvað þetta varðar er hins vegar mjög misjöfn milli einstakra flokka. Reykjavík hefur veltufé sem er 11% af tekjum og önnur sveitarfélög 9,8%. Þetta er hvorutveggja ásættanlegt. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa 2,2% veltufé frá rekstri og sveitarfélög á vaxtarsvæði eru með neikvætt veltufé frá rekstri. Það er mjög alvarlegt þar sem það þýðir að heildartekjur sveitarfélaganna duga að jafnaði ekki fyrir útgjöldum sem snerta daglegan rekstur. Það þýðir að það þarf lántöku til að ná endum saman á rekstrarreikningi eða að eignasölu er þörf. Hvorutveggja er óásættanlegt.

Þegar veltufé frá rekstri er reiknað sem hlutfall af langtímaskuldum þá fæst ákveðið viðmið um hve langan tíma tekur að greiða öll langtímalán með veltufénu eins og það var á síðasta ári. Það hlutfall er 47,3% hjá Reykjavíkurborg sem þýðir að borgin væri rúm tvö ár að greiða allar langtímaskuldir með sama veltufé frá rekstri. Hjá öðrum sveitarfélögum er hlutfallið 17,1% sem þýðir að sveitarfélög í þessum flokki væru að jafnaði um 5,5 ár að greiða allar langtímaskuldir með óbreyttu veltufé.

Hlutfallið er síðan miklu lægra hjá öðrum sveitarfélögum sem segir einungis það að sveitarfélög í þeim flokkum eru að jafnaði mun lengur að greiða upp sínar langtímaskuldir að óbreyttu veltufé frá rekstri. Skilaboðin eru þau að mikil nauðsyn sé til þess hjá mörgum sveitarfélögum í þessum flokkum að ná árangri í að auka veltufé frá rekstri verulega. Þegar aukning á tekjum sveitarfélaganna eru afar takmarkaðar þá er eina leiðin til að auka möguleika sveitarfélaganna til að standa undir afborgunum af lánum og kostnaði við nýfjárfestingar að leita leiða til hagræðingar og sparnaðar í daglegum rekstri.



Hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga • 6/2010

Umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir

Myndir: Magnús Karel Hannesson og Ingibjörg Hinriksdóttir

Ábm.: Gunnlaugur A. Júlíusson, sviðsstjóri



**Samband íslenskra  
sveitarfélaga**

Borgartúni 30, Pósthólf 8100, 128 Reykjavík

Sími: 515 4900, Fax: 515 4903

[www.samband.is](http://www.samband.is) [samband@samband.is](mailto:samband@samband.is)